

Borgarstjórn Reykjavíkur 18. janúar 2022

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um opnun almenningsgarðs í úthverfi Reykjavíkur

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að opna í úthverfi Reykjavíkur grænt svæði, almenningsgarð með afbreytingu, svo sem kaffihúsi og þar sem frætt verður um umhverfisgildi ræktunar og að minnka sóun. Núverandi meirihluta er tíðrætt um „græna borg“ sem er af hinu góða. Ekki veitir af. Fulltrúi flokks fólksins vill efla og styrkja Reykjavík sem græna borg og þá ekki bara með grænum bökkum á béttingarsvæðum. Lagt er til að í almenningsgarðinum verði tré og runnar merkt og þar skrifaðar upplýsingar um gildi plantnanna; hvaða áhrif þær hafa á umhverfið. Í kaffistofu (græn kaffistofa) yrðu upplýsingaspjöld og leiðbeiningar sem unnar yrðu af fagfólki m.a. um gildi náttúrunnar í umhverfismálum og hvernig minnka mætti sóun. Taka mætti hér undir svæði í Elliðaárdal, jafnvel við Landbúnaðarskóla Íslands á Keldnaholti og þar sem væri líklega hægt að fá leiðsögn um slík svæði, allt út frá umhverfissjónarmiðum, skógi og fallegu umhverfi. Hafa mætti samstarf við Skógræktarfélag Reykjavíkur, eða jafnvel íþróttafélög auk samráðs við íbúana á hverjum stað. Þetta framtak myndi opna skemmtilegt útivistarsvæði í nærumhverfi ytri byggðar og minnka þannig þörf á því að sækja afþreyingu annað með tilheyrandi kolefnisspori.

Greinargerð

Eitt stærsta verkefni okkar í dag tengist umhverfismálum. Líklega eru fá mál eins aðkallandi. Reykjavíkurborg þarf að sjálfsögðu að vera í fararbroddi í slíku. Reykjavíkurborg þarf að mati Flokks fólksins einnig að sinna þjónustu við íbúa í úthverfum. Flestir viðburðir sem borgin stendur fyrir eru í miðborginni.

Fá opin svæði eru eftir í miðborginni. Því er í þessari tillögu gert ráð fyrir því að koma fyrir grænum garði í úthverfi Reykjavíkur. Tillagan gengur einnig út á að upplýsa þá sem koma á staðinn um gildi umhverfisverndar. Hvort sem það er um að rækta landið eða til að koma í veg fyrir sóun. Svæði sem þetta hefur því bæði fræðslu- og skemmtanagildi.

Kaffistofa yrði á staðnum og miðað við að þar verði þess gætt að hugsa til umhverfisins og leiðbeiningar verði um hvernig best sé að slíku staðið. Kaffistofan ætti að nota sem mest innlenda framleiðslu og á sumrin básar t.d. um helgar þar sem m.a. heimaframleiðsla yrði seld. Slíkt hefur jákvæðan umhverfisávinning. Mörg dæmi eru um ágætlega vel heppnuð svipuð verkefni um allt land. Sjá t.d. beintfrabyli.is. Framlag Reykjavíkurborgar væri því að úthluta lóð, útbúa leiðbeiningar um hvaða reglur gilda um reksturinn og setja upp sölubása/aðstöðu. Rekstur kaffistofu yrði boðinn út og þar miðað við að hún þyrfti að gangast undir skilyrði eins og hér var farið yfir og selja innlenda framleiðslu/heimaframleiðslu. Einnig mætti þarna að sjálfsögðu selja rótarskot björgunarsveitanna.

Hér eru einungis settar fram grófar hugmyndir og ekki reiknað með að verkefni kosti mikið. Í dag er verið að styðja við ýmsa kynningarstarfsemi í umhverfismálum og er það mat borgarfulltrúa Flokks fólksins að tillaga eins og þessi muni nýta slíkt fjármagn mjög vel í þessa grænu umhverfisvænu framkvæmd. Þetta mun einnig styrkja og styðja við úthverfi Reykjavíkurborgar, íbúum þar til vndisauka auk þess að tengja saman íbúa og þá sem framleiða í smáum stíl. Vonandi geta allir borgarfulltrúar sameinast um þetta verkefni, þvert á pólitískar skoðanir.